

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 91/2016

2017/EES/73/26

frá 29. apríl 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1188 frá 28. apríl 2015 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun staðbundinna rýmishitara ⁽¹⁾.
- 2) II. og IV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 60. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1095) í IV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„6p. **32015 R 1188**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1188 frá 28. apríl 2015 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun staðbundinna rýmishitara (Stjútíð. ESB L 193, 21.7.2015, bls. 76).“

2. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 26p (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1095) í IV. viðauka við EES-samninginn:

„26q. **32015 R 1188**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1188 frá 28. apríl 2015 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun staðbundinna rýmishitara (Stjútíð. ESB L 193, 21.7.2015, bls. 76).“

*3. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2015/1188, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*4. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(¹) Stjútíð. ESB L 193, 21.7.2015, bls. 76.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.